

Gammafundur 21. september 2006
haldinn í matssal KB banka í Austurstræti 5.

Þetta haustið byrjuðum við Gammakonur á að skoða safnið 871±2 í Aðalstræti.

Við fengum mjög góða leiðsögn hjá Sigurbjörgu Hilmarsdóttur. Hún fræddi okkur um margt frá tímum Ingólfs Arnarsonar í Reykjavík um leið og hún leiddi okkur inn í heim tæknibrellna sem hafa verið notaðar svo skemmtilega í safninu til að fræða og gefa liðnum tíma líf.

Áhrifaríkt er að virða fyrir sér sjóndeildarhringinn í Reykjavík áður en maðurinn tók að breyta umhverfinu og kom að mörgu leiti á óvart hversu gróíð talið er að hafi verið í Reykjavík og nágrenni á þessum tíma. Eiginlega hefur mörgum þótt með ólíkindum að Ingólfur færi yfir Suðurlandsundirlendið með öllum sínum landsgæðum og settist að í Reykjavík en samkvæmt sögunni voru það Goðin sem réðu. Nú sést að Reykjavík hefur líka verið búsældarleg.

Eftir safnaferðina var haldið gangandi í KB banka í Austurstræði 5. Þar tók Ingibjörg nýi formaðurinn okkar á móti okkur í vistlegum matsal bankans. Ingibjörg setti sinn fyrsta fund sem formaður og kveikti á kertum trúmennsku, hjálpssemi og vináttu.

Að því loknu tók undirrituð nafnakall. Mættir voru: Árný, Björg, Bryndís, Elín, Eygló, Gerður, Guðný, Herta, Hrefna, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Kristjana, Kristrún, Margrét, Pálína, Ragnhildur, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður, Sigrún Aðalbjarnar yngri og Sigrún Aðalbjarnar eldri, Stefanía og Vilborg.

Að því loknu las Kristín fráfaraðit ritari fundargerð síðasta fundar sem haldinn var í Heiðmörkinni. Var hún samþykkt eftir smávægilegar breytingar á mætingarlistanum.

Þá var komið að veitingunum sem að þessu sinni voru í boði KB banka. Á borðum var alls konar brauð og álegg ásamt sveppasúpu. Á eftir var boðið upp á uppáhelt kaffi og “nýmóðins” kaffi úr finni kaffivél sem er á staðnum. Með kaffinu fengum við nammi. Góður rómur var gerður að veitingunum, en með síðustu kaffisopunum sagði Ingibjörg Einarsdóttir okkur síðan frá ferð sinni á Alþjóðþingi Delta Kappa Gamma í Santiago í Bandaríkjunum. Ingibjörg sagði m.a. frá því að gaman hefði verið að upplifa hversu allt var vel skipulagt og að ekkert fór úrskeiðis á þessu fjölmenna og fjölbreytta þingi. Ingibjörg var fánaberinn fyrir Ísland og kom því svo fyrir að íslenski fáninn var fyrir miðju hjá ræðustólum og sást því alltaf þegar myndum af ræðumönnum var varpað upp á skjái á ráðstefnunni. Reyndar var það víst af því að Ísland var þarna í röðinni þegar gengið var í salinn en mér fannst fyrri gerðin hljóma betur. Dagskráin var þétt en Evrópukonur í samtökunum vildu hittast og létu það ekki á sig fá þó að mögulegur fundartími væri klukkan sex um morgun.

Fjölmargar nefndir störfuðu á þinginu og skiluðu af sér þar á meðal uppstillingarnefnd sem gerði tillögu að stjórn. Úr sal kom síðan önnur tillaga um formann svo það varð að kjósa. Þetta var spennandi kosning en Barbara Day sem uppstillingarnefndin stakk upp á varð samt hlutskarpari. Ýmislegt skemmtilegt kom upp á fyrir utan ráðstefnuna m.a. settu þær stöllur brunakerfið á hótelinu sínu af stað en allt fór það vel. Ingibjörg sagði að þessi ferð hefði verið mjög lærdómsrík og hluti af þroskaferli sínum því auk þess að sitja þetta stóra þig þá var þetta fyrsta ferð Ingibjargar til Ameríku.

Ekki var til setunnar boðið því nú skyldi fara fram stefnumótunarvinna í deildinni.

Áður las undirrituð upp markmið Delta Kappa Gamma Félags kenna í fræðslustörfum.

Því næst var hafist handa og var fundarmönnum skipt í fimm hópa með því að telja stöðugt upp á fimm og biðja alla með sama númeri að setjast saman. Salurinn er mjög hentugur fyrir hópvinnu og fór vel um alla. Hóparnir fengu nokkur atriði til umfjöllunar og var tíminn 20 mínútur sem hóparnir höfðu til að ræða mál og koma með tillögur. Að þeim tíma loknum fékk hver hópur örfáar mínútur til að skila af sér og einnig skilaði hver hópur niðurstöðum úr umræðum skriflega til ritara. Óhætt er að segja að þessi vinna hafi gengið mjög vel. Margt áhugavert kom fram. Það var fróðlegt að heyra hversu margir hópar voru sammála. Allir vildu hafa orð til umhugsunar með svipuðum hætti og verið hefur og almenn samstaða var um að mikilvægt væri að félagskonur kynnumst betur innbyrðis. Leið til þess væri t.d. að ræða saman í minni hópum eins og gert var á þessum fundi.

Samantekt á tillögnum sem skilað var til ritara fylgja þessari fundargerð.

Ingibjörg formaður tók nú til máls og afhenti Kristrínu bók og blóm í tilefni sextugs afmælis hennar 3. september síðastliðinn. Kristrún þakkaði fyrir sig og sagði stuttlega frá hvernig hún eyddi afmælisdeginum á Vestfjörðum við að skoða marga fallega og áhugaverða staði. Tíminn leið hratt og tími var kominn til að slíta fundi. Ingibjörg slökkti á kertunum og sleit fundi klukkan hálf átta.

Að því loknu týndust konur út í frábært haustveðrið.

Gert 28. september Björg Eiríksdóttir